

Fimmtudaginn 14. nóvember 1996.

Nr. 415/1996. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Vigni Péturssyni

(Sigurður Þóroddsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 12. nóvember 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 13. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. nóvember 1996, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 18. desember 1996 kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Ekki þykir leitt í ljós, að fullnægt sé skilyrðum 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila. Þar sem krafa sóknaraðila um gæsluvarðhald er ekki reist á annarri lagaheimild, verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. nóvember 1996.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Vigni Péturssyni, kt. 130564-5269, Ásbúð 13, Garðabæ, verði með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 18. desember 1996 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 194. gr., sbr. 20. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Málavextir eru þeir, að um kl. 2.00 mánudaginn 11. nóvember 1996 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um líkamsárás og tilraun til nauðgunar við Bergstaðastræti 1-3 fyrir utan veitingastaðinn Kaffibarinn. Er lögreglumenn komu á vettvang, var kærði, sem var mjög drukkinn, þar í haldi tveggja

manna, er höfðu handtekið hann. Árásarþoli, kona á þrítugsaldri, var einnig á vettvangi, en hafði leitað skjóls inni á veitingahúsinu.

Að sögn konunnar var hún á gangi heim á leið upp Bergstaðastræti frá Laugavegi, er kærði kom aftan að henni á móts við veitingahúsið Kaffibarinn, þreif í peysuhálmál hennar og togaði hana með sér upp Bergstaðastrætið. Kveðst hún hafa orðið skelfingu lostin og beðið manninn að hætta og sleppa sér, en þá hafi hann skipað sér að þegja, annars skæri hann hana á háls. Hafi hún streist á móti og reynt að kalla á hjálp, en kærði ekki látið af fyrirætlan sinni, heldur dregið hana í áttina að húsasundi rétt ofan við veitingahúsið. Kveðst konan hafa náð að veita svo mikla mótsþyrnu, að hún hafi náð að leggjast í tröppurnar, sem liggja upp í veitingahúsið, í þeirri von, að fólk, sem þar væri, heyrði neyðaróp hennar. Þá hafi hún einnig náð að berja í gluggarúðu með hendinni. Þarna á tröppunum hafi kærði lagst ofan á sig og farið með hönd sína í klof hennar og inn um saumsprettu, sem var á buxum hennar, og hafi hann nuddað hendi sinni um klof hennar. Hafi kærði haldið áfram að hóta henni lífláti og verið að ná undirtökum, er útidyrnar á veitingahúsinu opnuðust skyndilega og tveir menn komu út. Hafi kærði þá staðið upp og hlaupið upp Bergstaðastræti og mennirnir tveir á eftir honum. Var kærði síðan handtekinn af mönnum þessum.

Vitnið Þórir V. Þorgeirsson, annar mannanna tveggja, sem komu út úr veitingahúsinu, hefur borið hjá lögreglu, að hann hafi verið við vinnu sína á veitingahúsinu, þegar hann hafi heyrt konu kalla á hjálp. Hafi hann í fyrstu ekki gert sér grein fyrir, hvaðan hljóðin komu, en er hann hafi áttað sig á því, að þau komu að utan, hafi hann litið út um gluggann og séð konu liggja á tröppunum og að hluta til utan í útidyrnum. Hafi maður legið að hluta til ofan á eða utan í konunni. Er hann hafi komið út, hafi maðurinn staðið upp og gengið fyrst hröðum skrefum upp Bergstaðastræti, en síðan tekið til fótanna. Kveðst vitnið hafa hlaupið á eftir mannum við annan mann, Sigurjón Ragnar Sigurjónsson, og þeir handtekið kærða. Framburður vitnisins Sigurjóns Ragnars Sigurjónssonar er samhljóða framburði vitnisins Þóris.

Kærði hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa komið aftan að kæranda og tekið utan um hana. Þá hefur hann viðurkennt að hafa sagt henni að þegja. Hins vegar hefur hann staðfastlega neitað því að hafa ætlað að nauðga henni eða meiða hana. Þá hefur hann borið fyrir dómi, að sig rámi í að hafa farið höndum um klof hennar, en neitar því að hafa farið inn undir buxur hennar. Gaf hann þá skýringu á háttsemi sinni, að hann hefði verið að grínast og verið ólóður.

Kærandi fór til réttarlæknisfræðilegrar skoðunar á Sjúkrahúsi Reykja-

víkur, og kom þá í ljós nýleg húðrispa á kynfærum hennar. Auk þess kemur fram í lækningsskýrslu, að kærandi hafi verið mjög miður sín við komuna á sjúkrahúsið, titrað, skolfið og kastað upp. Þá voru tvær saumsprettur í og við klofbótina. Er kærði var handtekinn, var buxnaklauf á buxum hans opin.

Brot það, sem kærða er gefið að sök, getur að lögum varðað hann tíu ára fangelsi eða meira, ef sannað þykir. Kærði hefur viðurkennt að hafa komið aftan að kæranda og haldið henni og um leið sagt henni að þegja. Þá kveður kærði sig ráma í að hafa farið höndum um klof hennar. Læknisvottorð og viðbrögð kæranda styðja frásögn hennar um, að kærði hafi hótad henni og haldið henni nauðugri í því skyni að koma fram vilja sínum. Þá þykir kærði ekki hafa gefið neina viðhlítandi skýringu á hátterni sínu. Verður því að telja, að sterkur grunur sé um, að kærði hafi framið brot gegn 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Er atburður þessi varð laust fyrir klukkan tvö aðfaranótt mánudagsins 11. nóvember sl., voru fáir á ferli. Kærandi var ein á ferð og var á leið heim til sín. Átti hún sér einskis ills von, er kærði kom skyndilega aftan að henni og hótadi henni og þvingaði hana til að koma með sér, að því er virðist, í því skyni að koma fram vilja sínum. Kærandi og kærði þekktust ekki. Varð það kæranda til happs, að menn voru enn inni á veitingahúsinu, er atburðurinn varð, og heyrðu neyðaróp hennar. Var atlagan að kæranda því sérlega alvarleg, og þykir því með vísan til þessa mega ætla, að varðhald sé nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Verður krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins því tekin til greina, eins og hún er fram sett, með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 og kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 18. desember 1996 kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Vignir Pétursson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 18. desember 1996 kl. 16.00.
